

# Fréttir úr Tungumálaveri

*The learning context becomes more complex with each student who brings with her a new cultural background.*  
Ema Ushioda



**Innritunarkerfi Tungumálavers.** Pappírshaugum hefur fækkað með tilkomu vefrænu skráningarinnar og upplýsingar um nemendur og skóla eru áreiðanlegri þegar skráning er í höndum heimaskóla. Stjórnendur eru beðnir um að varðveita vel aðgangskóða skólans. Það auðveldar þeim allar breytingar og uppfærslur.

**Ný heimasíða** - <http://tungumalaver.reykjavik.is> - Héðan í frá mun heimasíðan eingöngu innihalda hagnýtar upplýsingar um þjónustu í Tungumálaveri og tengingar við námsvefi greina.

**Smásagnakeppni** var haldin að frumkvæði **Renate Peskova Emilsson í Hlíðaskóla**. 269 nemendur úr fimm skólum tóku þátt í keppninni: *Borgaskóla, Breiðholtsskóla, Grandaskóla, Hlíðaskóla og Laugalækjarskóla*.

Kept var í þremur flokkunum: 5./6. bekk, 7./8. og 9./10. 94 nemendur í yngsta flokki, 100 í miðhópnum og 75 í elsta hópnum. Úrslit í hverjum skóla voru kynnt á Evrópska tungumáladeginum, 26. september. Ritverk vinningshafa úr undanúrslitum verða send til dómnefndar, en hana skipa þeir Robert Berman og Samuel Lefever kennarar í ensku við Menntavísindasvið HÍ. Lokaúrslit verða kynnt í lok október.

Smásagnakeppnin er verðugt framtak sem ber að hlúa að. Hún er öflug byrjun á skólaárinu og skapar tækifæri til lesturs smásagna og umræðna um þá þætti sem gera sögu að góðri sögu. Að auki er hún hvatning til nemenda um að vanda skrif sín, endurrita og bæta textann undir leiðsögn kennara og jafningja. Efni frá Renötu er á The English Common á Tungumálatorgi.

## 🍃 Nýtt á The English Common

Björg Jónsdóttir kennari við Hofsstaðaskóla í Garðabæ leggur Tungumálatorgi til þemaefni fyrir byrjendur.

Björg er móttöku- og leiðsagnarkennari fyrir kennaranema í ensku, einkum með áherslu á kennslu yngri barna. Hún er mjög virk í að þróa eigið efni og prófa sig áfram með ýmsar kennsluáðferðir.

Hún kemur reglulega inn í kennaranámið þar sem hún veitir nemum hlutdeild í reynslu sinni og þekkingu. Efnið er styrkt af **Þróunarsjóði námsgagna**.

## 🍃 Efni fyrir skóla fjölmenningar

Leiðbeiningar um Mentor fyrir foreldra á pólsku, litháísku, spænsku og víetnömsku.

Einnig eyðublað fyrir foreldra, sem unnin eru í samvinnu við skóla – og frístundasvið Reykjavíkur, til að óska eftir undanþágu frá skyldunámi í erlendu tungumáli og til að leita eftir viðukenningu skóla á kunnáttu nemenda í eigin tungumáli sem hluta af skyldunámi.

Efnið er gert til að auðvelda foreldrum aðfluttra barna að fóta sig í rafrænu umhverfi íslensks skóla, nálgast upplýsingar um börn sín og fylgjast með gengi þeirra og framförum.

Efnið er unnið fyrir **styrk frá Innanríkisráðuneyti** sem ætlaður er til mannréttindamála af þeim *Lolita Urboniene* sem skrifar á litháísku, *Lourdes Pérez Mateos* á spænsku, *Anh-Dao Tran* á víetnömsku, auk *Emilia Mińska* sem ber ábyrgð á pólsku síðunni.

## 🍃 Væntanlegt

Þemalýsingar *Norden* á fimm tungumálum, samskiptaverkefnið *Brúin* og námskeiðið *Mobilen i sprogundervisningen*. Verkefnið eru styrkt af **Nordplus** og **Átaki til að efla norræna málvitund og málskilning**.

## Kennsluráðgjafar á faraldsfæti

Kennarar í Tungumálaveri hafa heimsótt netnema flestum skólum í Reykjavík og nágrenni til að veita nemendum stuðning í upphafi skólaárs.

Kennsluráðgjafar í norsku og sænsku lögðu leið sína norður í land til að hitta kennara og nemendur samstarfsskóla Tungumálavers um kennslu í tungumálunum tveimur. Heimsóttir voru skólar í Borgarfirði, á Hvammstanga, Sauðárkróki, Varmahlíð og Akureyri.

## Gestir í Tungumálaveri

**Milla Maaria Seppälä** är en ung lärare från Tampere i Finland. Hon undervisar i svenska på högstadiet (8. - 10. bekk) i Punkalaidun och kommer hit för att studera hur den isländska skolan fungerar. Hun blir her i ni dagar.

- ♦ Kennarar og kennaranemar frá háskólanum í Þrándheimi, 26. september.
- ♦ 35 kennarar frá **Lærdansk** miðstöð dönsku-kennslu fyrir útlendinga í Árósum 30. ágúst.